



# Hópslysatrygging íþróttaiðkenda

Skilmáli nr. SS55

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. SS55.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

**Hópslysatrygging íþróttaiðkenda** tryggir íþróttaiðkendur þess íþróttafélags sem er tryggingartaki. Tryggingin nær yfir þau slys sem iðkendur verða fyrir á æfingum eða í keppni á vegum sinna íþróttafélaga.

**Skilmáli** segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## I. Almenn ákvæði

### 1. Innifaldar tryggingar

- 1.1 Trygging samkvæmt III. kafla er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

Kafli	Heiti tryggingar	Hvað er innifalið?
II. kafli	Slysatrygging	Alltaf innifalin
III. kafli	Sjúkrakostnaður erlendis	Valkvæð

### 2. Hver er tryggingartaki?

- 2.1 Tryggingartaki er það íþróttafélag sem gerir samning við VÍS um hópslysatryggingu íþróttaiðkenda.

### 3. Hver er tryggður?

- 3.1 Tryggðir eru þeir íþróttaiðkendur sem tryggingartaki hefur tilkynnt til VÍS í samræmi við grein 8.1 og eru hluti af þeim hópi sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hér undir geta einnig fallið þjálfarar, sjúkraþjálfarar og annað starfsfólk.
- 3.2 Tryggður getur ekki gert fyrirvara um þátttöku í tryggingu þessari.<sup>1</sup>

### 4. Hvar gildir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin gildir:
- 4.1.1 Við skipulagðar æfingar og keppni á vegum tryggingartaka.
  - 4.1.2 Á skipulögðum ferðalögum á vegum tryggingartaka til og frá æfinga- og keppnisstaða utan heimabæjar tryggingartaka.
  - 4.1.3 Í frítíma erlendis í skipulögðum æfinga- og keppnisferðum á vegum tryggingartaka. Tryggingin gildir þó ekki fyrir þann tíma sem tryggður ákveður að framlengja dvöl sína erlendis fram yfir upphaflega ferðaáætlun.

<sup>1</sup> Sbr. b. lið 1. mgr. 127. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



## 5. Upphaf og lok tryggingarverndar tryggðs

- 5.1 Ábyrgð VÍS gagnvart tryggðum hefst þegar tryggingartaki hefur tilkynnt hann til VÍS.
- 5.2 Ef tryggingunni er sagt upp, eða hún fellur úr gildi vegna vanskila tryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart tryggðum einum mánuði eftir að VÍS sendi tilkynningu til tryggðs um brottfall hennar.

## 6. Hugtakanotkun

- 6.1 Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem er tryggður og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans.
- 6.2 Biðtími er það tímabil sem samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá upphafi óvinnufærni þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

## 7. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 7.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 8. Skyldur tryggingartaka

- 8.1 Tryggingartaki skal senda VÍS nafna- og kennitöluskra yfir íþróttaiðkendur og annað starfsfólk sem falla skal undir trygginguna og tilkynna breytingar til VÍS.
- 8.2 Tryggingartaki skal sjá til þess án ástæðulauss dráttar að tryggðir og forsjármenn tryggðra barna fái afrit af skírteini, skilmálum þessum og almenna skilmála VÍS.
- 8.3 Tryggingartaki skal senda tryggðum og forsjármönnum tryggðra barna sem falla undir trygginguna skriflega tilkynningu um brottfall tryggingar um leið og tryggður fellur ekki lengur undir tryggingaverndina.

## 9. Framsal

- 9.1 Tryggður eða forsjármaður hans má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

## II. Slysaftrygging

### 10. Hvað bætir tryggingin?

- 10.1 VÍS greiðir bætur vegna þeirra bótabáttá sem innifaldir eru í tryggingu og tilgreindir eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

Bótabáttur	VÍS greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir á gildistíma tryggingarinnar:
10.1.1 Dánarbætur	Ef slysið leiðir til andláts tryggðs greiðir VÍS dánarbætur.
10.1.2 Miskabætur	Ef slysið leiðir til varanlegs miska innan þriggja ára frá slysdegi greiðir VÍS miskabætur.
10.1.3 Bætur vegna tannbrots	Ef slysið leiðir til þess að heilbrigðar og vel viðgerðar tennur brotna eða laskast greiðir VÍS viðgerðir. Þetta á eingöngu við ef miskabætur eru tilgreindar sem bótabáttur á skírteini eða endurnýjunarkvittun.
10.1.4 Dagpeningar	Ef slysið leiðir til tímabundins missis starfsorku greiðir VÍS dagpeninga.

### 11. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 11.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna slysa sem orðið hafa áður en trygging tók gildi og ekki vegna afleiðinga slíkra slysa þó að þær komi ekki fram fyrr en eftir gildistöku tryggingar, þar með talinn varanlegur miski.
- 11.2 VÍS greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:
- Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt.
  - Í akstursíþróttum.
  - Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
  - Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
  - Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
  - Í loftbelgs-, svífvængja-, dreka-, svíf-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum



- athöfnum.
- g) Í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
  - h) Í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
  - i) Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
  - j) Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
  - k) Af völdum neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
  - l) Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
  - m) Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 11.3 Áhætta samkvæmt staflíðum a) til g) í grein 11.2 er ekki undanskilin ef tryggður hefur verið hópur í viðkomandi íþrótt og slyss verður við skipulega æfingu eða keppni á vegum tryggingartaka.
- 11.4 VÍS greiðir ekki tannbrot sem verða þegar tryggður matast.

## 12. Tryggingarfjárhæð

- 12.1 Hámark tryggingarfjárhæða vegna dánarbóta, miskabóta og dagpeninga koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Dánarbætur skulu ekki vera hærri en miskabætur.
- 12.2 Tryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysliverðs við endurnýjun tryggingar.
- 12.3 Bætur reiknast á grundvelli tryggingarfjárhæða á slysdagi eins og hér segir:
- a) Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysliverðs frá slysdagi til dánardags.
  - b) Miskabætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysliverðs frá slysdagi til uppgjörsdags. Vísitölubinding miska varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdagi.
  - c) Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysliverðs frá slysdagi meðan starfsorkumissir varir.

## 13. Ákvörðun bóta

- 13.1 Dánarbætur:
- 13.1.1 Látist tryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdagi greiðast dánarbætur að frádregnum bótum sem VÍS kann að hafa greitt tryggðum fyrir varanlega miska vegna sama slyss.
  - 13.1.2 Ef tryggður deyr af völdum slyss, þegar meira en ár er liðið frá slysdagi, en áður en endanlegt miskamat hefur farið fram, greiðast miskabætur samkvæmt bráðabirgðamiskamati.
  - 13.1.3 Dánarbætur greiðast eingöngu ef slysið er bein og eina orsök andláts tryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand tryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem tryggingin nær til.
  - 13.1.4 VÍS á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð VÍS.
  - 13.1.5 Dánarbætur greiðast maka tryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 13.2 Bætur vegna varanlegs miska (miskabætur):
- 13.2.1 Varanlegan miska skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar mat fer fram. Við ákvörðun miskastigs ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til varanlegs miska. Ef líkur eru til að ástand tryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Varanlegur miski getur aldrei talist meiri en 100%. Miskabætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina.
  - 13.2.2 Ef missir eða bækklun útlíma, líffæra, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist varanlegur miski hlutfallslega. Missir eða bækklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til varanlegs miska með hliðsjón af bækkluninni fyrir slysið.
  - 13.2.3 Bendi fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn til varanlegra afleiðinga vegna slyssins, mun starfsfólk VÍS leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af miskatöflu örorkunefndar. Telji starfsfólk VÍS tilefni til, getur VÍS aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum slyssins.



- 13.2.4 Tryggður skal óska eftir mati VÍS í samræmi við grein 13.2.3 eigi síðar en þremur árum frá slysdegi, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta samkvæmt tryggingunni niður.
- 13.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku (dagpeningar):
- 13.3.1 VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 13.3.2 Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissi frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis eða miskamat hefur farið fram.
- 13.3.3 Dagpeningar greiðast ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá slysdegi.
- 13.3.4 Stafir starfsorkumissir tryggða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 13.3.5 Dagpeningar greiðast í lok hvers mánaðar.
- 13.4 Bætur vegna tannbrots:
- 13.4.1 Greiðsla VÍS takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæð miskabóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á hverju tryggingartímabili við 15% af sömu fjárhæð.
- 13.5 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða tryggða.
- 13.6 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

### III. Sjúkrakostnaður erlendis (valkvæð)

#### 14. Hvað bætur tryggingin?

- 14.1 Ef tryggður slasast, veikist eða deyr erlendis bætur tryggingin:
- 14.1.1 Sjúkrakostnað:
- Vegna læknis- og sérfræðiaðstoðar, sjúkrahúsvistar, hjúkrunar, lyfja og meðferðar samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar.
  - Vegna nauðsynlegra aðgerða sem farið er í með samþykki SOS International eða VÍS og ekki er hægt að bíða með þar til komið er til dvalarlands.
  - Vegna nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.
- 14.1.2 Kostnað vegna sjúkraflutnings í því landi sem slys eða veikindi verða í samráði við SOS International eða VÍS.
- 14.1.3 Aukinn kostnað vegna nauðsynlegrar aukadvalar og heimferðar í samráði við SOS International eða VÍS.
- 14.1.4 Kostnað við flutning jarðneskra leifa tryggðs til Íslands eða dvalarlands.
- 14.1.5 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað:
- Ættingja eða vinar tryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir trygðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS International eða VÍS.
  - Náins ættingja eða vinar tryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur, í samráði við VÍS.

#### 15. Hvað bætur tryggingin ekki?

- 15.1 Tryggingin bætur ekki:
- Kostnað sem greiddur er samkvæmt gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
  - Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
  - Kostnað vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem tryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfræði og óhefðbundna lækningameðferð.
  - Tjón sem rekja má til þess að tryggður ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
  - Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá tjónsatburði.
  - Kostnað vegna áframhaldandi lækni meðferðar ef tryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð læknis sem hefur haft hann til meðferðar.
  - Kostnað vegna lækni meðferðar erlendis lengur en í þrjú mánuði.
  - Kostnað vegna gervilima, gervitanna, gleraugna, augnlinsa, heyrnartækja og annarra sambærilegra tækja.
  - Slys sem verða í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnariþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt.
  - Slys sem verða í akstursíþróttum.



- k) Slys sem verða í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
  - l) Slys sem verða í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
  - m) Slys sem verða í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
  - n) Slys sem verða í loftbelgs-, svífvængja-, dreka-, svif-, fisvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
  - o) Slys sem verða í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
  - p) Slys sem verða í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
  - q) Slys sem verða í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
  - r) Slys eða sjúkdóma af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
  - s) Slys eða sjúkdóma af völdum neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þessa og slyssins.
  - t) Slys eða sjúkdóma af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
  - u) Slys eða sjúkdóma sem verða beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 15.2 Áhætta samkvæmt staflíðum i) til o) í grein 15.1 er ekki undanskilin ef tryggður hefur verið hópur í viðkomandi íþrótt og slys verður við skipulega æfingu eða keppni á vegum tryggingartaka.

## 16. Tryggingarfjárhæð

- 16.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Eftirfarandi takmarkanir eiga við:
- a) Bætur vegna tannviðgerða samkvæmt c lið gr. 14.1.1 eru að hámarki 1% af tryggingarfjárhæð.
  - b) Bætur vegna nauðsynlegs ferða- og dvalarkostnaðar ættingja og vina samkvæmt gr. 14.1.5 eru að hámarki 4% af tryggingarfjárhæð.
- 16.2 Tryggingarfjárhæð breytist í samræmi við vísitölu neysliverðs við endurnýjun tryggingar.

## 17. Ákvörðun bóta

- 17.1 VÍS greiðir bætur samkvæmt frumriti reiknings.
- 17.2 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða tryggða.
- 17.3 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.
- 17.4 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**